



Búlandsvirkjun Úttekt á gróðurfari og fuglalífi

**Ásrún Elmarsdóttir, ritstj., Guðmundur A. Guðmundsson,
Guðmundur Guðjónsson, Rannveig Thoroddsen,
Starri Heiðmarsson og Svenja N.V. Auhage**

Unnið fyrir Suðurorku



**Búlandsvirkjun:
úttekt á gróðurfari og fuglalífi**

**Ásrún Elmarsdóttir, ritstj., Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur
Guðjónsson, Rannveig Thoroddsen, Starri Heiðmarsson og Svenja N.V. Auhage**

Unnið fyrir Suðurorku ehf. (SO-2012-11)

NÍ-13002 Garðabær, apríl 2013



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Horft yfir kvíslar Skaftár ofan við Búland í átt að Skaftárdal. Ljósmynd. Rannveig Thoroddsen, 22. júlí 2012.

ISSN 1670-0120

	Urriðaholtsstræti 6-8 212 Garðabæ Sími 590 0500 Fax 590 0595 http://www.ni.is ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð 602 Akureyri Sími 460 0500 Fax 460 0501 http://www.ni.is nia@ni.is
Skýrsla nr. NI-13002	Dags, Mán, Ár Apríl 2013	Dreifing Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Búlandsvirkjun: úttekt á gróðurfari og fuglalífi	Upplag 25	
	Fjöldi síðna 47	
	Kort / Mælikvarði Gróðarkort 1:25.000 Vistgerðakort 1:50.000	
	Verknúmer 3966 Málsnúmer 2011030023	
Ritstjóri Ásrún Elmarsdóttir		
Höfundar Ásrún Elmarsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Rannveig Thoroddsen, Starri Heiðmarsson og Svenja N.V. Auhage		
Unnið fyrir Unnið fyrir Suðurorku ehf.		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur <p>Í skýrslunni er gerð grein fyrir gróðurfari, vistgerðum, flóru og fuglalífi á landsvæði meðfram Skaftá í Skaftárhreppi. Verkefnið var unnið að beiðni Suðurorku ehf vegna fyrirhugaðar Búlandsvirkjunar. Mörk rannsóknarsvæðis voru dregin 500 m frá Skaftá og fyrirhuguðum mannvirkjum og er það tæplega 83 km² að stærð. Með skýrslunni fylgja gróður- og vistgerðarkort af 495 km² landsvæði. Vettvangsvinna fór fram í júní-ágúst árið 2012. Gróður var kortlagður og tegundir háplantna, fléttna og fugla skráðar. Einnig voru nýttar upplýsingar úr fyrri ferðum um svæðið. Upplýsingar um mosaflóru svæðisins eru fengnar úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands.</p> <p>Rannsóknarsvæðið er víða nokkuð vel gróið. Gróðurþekja er þó sums staðar gisin og áhrif eldvirkni setja mark sitt á gróðurinn. Land á rannsóknarsvæðinu var greint í 26 vistgerðir og landgerðir. Mólendi er einkennandi fyrir svæðið og voru mosamóavist (42%) og starmóavist (16%) víðfeðmastar. Votlendi er aðeins 6%, aðallega móarekjuvist (2%) og rekvjuvist (1%). Vegna Búlandsvirkjunar færu um 10 km² undir vatn þar sem lón eru fyrirhuguð, þar munu tapast vel gróin heiðalönd sem í dag nýtast til beitar. Áætlað er að um 350 pör mófugla missi búsvæði sín vegna lónsins á Þorvaldsaurum.</p> <p>Á rannsóknarsvæðinu eru skráðar alls 124 tegundir háplantna, 85 mosategundir og 97 fléttutegundir og eru þær flestar algengar á landinu. Alls fundust 22 tegundir fugla. Engin tegundanna er á valista hér á landi. Athuganir árið 2012 og fyrirbyggjandi upplýsingar benda ekki til þess að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa mikil neikvæð áhrif á stofna plantna eða fugla.</p>		
Lykilorð Skaftárhreppur, Skaftá, Þorvaldsaurar, gróðurfélög, vistgerðir, háplöntur, mosar, fléttur, fuglar.	Yfirfarið MH	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 RANNSÓKNARSVÆÐIÐ	7
3 AÐFERÐIR	8
3.1 Gróðurkortlagning	8
3.2 Vistgerðir	10
3.3 Háplöntur, mosar og fléttur	11
3.4 Fuglar	12
4 NIÐURSTÖÐUR	13
4.1 Gróðurfélög	13
4.1.1 Rannsóknarsvæði	13
4.1.2 Lónstæði	15
4.1.3 Heildarsvæði kortlagningar	16
4.2 Vistgerðir	17
4.2.1 Rannsóknarsvæði	17
4.2.2 Lónstæði	20
4.2.3 Heildarsvæði kortlagningar	20
4.2.4 Verndargildi	21
4.3 Háplöntur	21
4.4 Mosar	25
4.5 Fléttur	25
4.6 Fuglar	25
5 UMRÆÐA	26
5.1 Gróðurfélög og vistgerðir	26
5.2 Háplöntur, mosar og fléttur	28
5.3 Fuglar	29
6 SAMANTEKT OG ÁBENDINGAR	30
7 RITASKRÁ	33
8 VIÐAUKAR	35
1. viðauki. Flatarmál (ha, km ²) og hlutfall (%) gróðurfélaga og landgerða	35
2. viðauki. Háplöntutegundir	37
3. viðauki. Mosategundir	42
4. viðauki. Fléttutegundir	44

1 INNGANGUR

Suðurorka ehf. fyrirhugar að reisa vatnsaflsvirkjunina Búlandsvirkjun í Skaftárhreppi (Mannvit 2011). Áætlað er að stífla Skaftá ásamt bergvatnsánni Syðri-Ófæru stuttu neðan við hálendismiðstöðina Hólaskjól og verður vatninu veitt á Þorvaldsaura þar sem rúmlega 9 km² miðlunarlón myndast. Ennfremur munu Tungufljót og Þorvaldsá renna í áætlað miðlunarlón. Neðan við ármót þeirra verður árfarvegurinn stíflaður við Rásgljúfur. Frá stöðvarhúsinu, sem staðsett verður við suðausturenda lónsins, verður vatninu veitt um göng til suðausturs út í Skaftá, skammt frá bænum Búlandi. Þessi virkjunarkostur var metinn í 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða (Sveinbjörn Björnsson 2011).

Í júní 2012 gerði Suðurorka ehf. samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um úttekt á gróðurfari og tegundum plantna og fugla vegna fyrirhugaðrar Búlandsvirkjunar. Meginmarkmið rannsóknanna var að fá yfirlit yfir gróðurfari og vistgerðir svo og tegundir háplantna, mosa, fléttna og fugla ásamt því að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á gróður og fuglalíf. Farið var um svæði, sem liggur frá efstu bæjum í Skaftártungu og upp fyrir Hólaskjól, í þremur ferðum í júní, júlí og ágúst 2012. Að vettvangsvinnu og úrvinnslu komu auk höfunda Sigrún Jónsdóttir, Sigurður K. Guðjohnsen og Hafdís Sturlaugsdóttir vegna kortlagningar gróðurs og Aron Leví Beck, Einar Ó. Þorleifsson og Ute Stenkewitz vegna rannsókna á fuglum.

2 RANNSÓKNARSVÆÐIÐ

Við undirbúning rannsókna var svæði í Skaftárhreppi afmarkað til rannsóknar. Rannsóknarsvæðið tekur annars vegar mið af Skaftá og hins vegar mannvirkjum tengdum fyrirhugaðari virkjun og voru skil þess dregin 500 m frá ánni eða mannvirkjum. Svæðið nær frá efstu bæjum í Skaftártungu og þaðan upp í hálendið. Rannsóknarsvæðið er um 19,5 km að lengd og er tæplega 83 km² að flatarmáli. Lægst liggur landið með Skaftá í um 120 m h.y.s. en hæst í 320 m h.y.s. Að sunnan liggja mörk rannsóknarsvæðisins á milli Búlands og Hvamms, þar sem Skaftá breiðir úr sér og skiptist í tvær megin kvíslar, Eldvatn til vesturs en Skaftá sjálf rennur áfram til austurs. Austan Skaftár liggja mörkin upp af bökkum árinna, en að vestanverðu frá Búlandi til norðvesturs upp í Gæsatungur og þaðan um Geldingasker, ofan og inn fyrir Hólaskjól. Norðurmörk svæðisins eru liðlega 6 km ofan við Hólaskjól, norðan við ármót Grjótár og Skaftár. Rannsóknir á fuglum og gróðurfari fóru að mestu fram innan rannsóknarsvæðisins en auk þess er sett fram gróðurkort og vistgerðakort af svæði sem nær yfir 495 km².

Rannsóknarsvæðið liggur um 30 km suðvestur af Lakagígum sem eru hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Svæðið og náttúrufar þess er mótað af eldvirkni og víðfeðmum áhrifum hennar. Skaftá, sem er blönduð jökulsá og lindá, rennur um svæðið og skipar stóran sess í náttúrufari þess. Meginhluti jökulvatnsins rennur undan Skaftárjökli og jökulhlaup koma í Skaftá nær árlega og flæðir hún þá yfir bakka sína og ber með sér set (Bergur Einarsson 2009). Innan rannsóknarsvæðisins er gert ráð fyrir rúmlega 9 km² miðlunarlóni á Þorvaldsaurum auk tveggja veitulóna nyrst á svæðinu. Yfirborð miðlunarlónsins verður í 311 m y.s. og áætlað flatarmál þess er 9,08 km². Veitulónið sem liggur nær Hólaskjóli og vestan Skaftár, auðkennt sem veitulón 1, mun liggja í 315,4 m y.s. og flatarmál þess er áætlað 0,33 km². Veitulón 2 liggur að austurbakka Skaftár beggja vegna við ármót Grjótár og verður yfirborð þess í 321,5 m y.s. og flatarmál þess er áætlað 0,39 km².

Vestan Skaftár liggur Fjallabaksleið nyrðri og nyrst á svæðinu er hálendismiðstöðin Hólaskjól. Tvö svæði á náttúruminjasrá ná inn á rannsóknarsvæðið (Umhverfisstofnun 2012). Nyrst er

svæði nr. 706, kennt við Eldgjá þar sem er að finna stórbrotið landslag og sjá má ummerki um eldsumbrot á nútíma. Syðst er svæði nr. 759 sem liggur m.a. um Skálarheiði en innan þess eru gjallgígaraðir frá nútíma, fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. Árið 2011 var Kötlujarðvangur stofnaður og er rannsóknarsvæðið innan hans (Katla Geopark 2011). Meginmarkmið með garðinum er að vernda og nýta jarðminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og til eflingar byggðarinnar. Ennfremur er suðurhálandið mikilvægt fyrir ferðamennsku á miðhálandinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson 2012).

Veðurathugunarstöðin á Kirkjubæjarklaustri liggur næst rannsóknarsvæðinu og er í um 30 m h.y.s. (Veðurstofa Íslands 2012). Meðalárshiti árin 1960-2011 var 4,8°C og meðalársúrkoma 1702 mm. Þegar kemur inn á miðhálandið eykst úrkoma og hiti lækkar.

3 AÐFERÐIR

Rannsóknir árið 2012 fóru fram yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. Áhersla var lögð á að afla upplýsinga um lífríkið á fyrirhuguðum lónstæðum, þar sem hugsanlegt rask verður vegna framkvæmda svo og landsvæði meðfram Skaftá.

3.1 Gróðurkortlagning


Gróðurkortlagning vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Búland fór fram 6.-10. ágúst 2012. Kortlagt var bæði innan rannsóknarsvæðisins og utan þess og nær gróðurkortíð sem hér er lagt fram yfir alls 495 km². Megináhersla var lögð á gróðurkortlagningu rannsóknarsvæðisins sem er alls 83 km² að flatarmáli og innan þess var eldri gróðurkortlagning endurskoðuð þar sem ástæða þótti til. Einkum var gróður skoðaður nákvæmlega í fyrirhuguðum lónstæðum og í hólum og á eyrum Skaftár. Gróður var einnig kortlagður vegna mögulegra áhrifa virkjunarinnar á tungu sunnan Búlands, milli Eldvatns og Skaftár, þar sem Skaftá flæmdist áður um svokallaðar Árkvísar.

Ennfremur var eldri kortlagning endurskoðuð, einkum á suðurhluta kortlagða svæðisins og heima við bæi. Allt frá árinu 1964 hefur gróður verið greindur á nokkrum svæðum í Skaftárhreppi í tengslum við ýmis verkefni og voru þau gögn nýtt við vinnslu gróðurkortans (1. tafla, 1. mynd).


1. tafla. Fyrirliggjandi eldri gróðurkort og gróðurkortagögn sem nýtt voru við framsetningu meðfylgjandi gróðurkortans, alls 495 km². Sjá má yfirlit korta á 1. mynd.

Útgáfuár	Lýsing
	Vettvangsgögn, óútgefin, unnin á svarthvítar loftmyndir frá 1964.
1977	Hálendiskort. Gróðurkort af Íslandi, kortblað 235 Eldgjá (1:40.000). Vettvangsvinna fór fram 1962 til 1973 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1977a).
1977	Hálendiskort. Gróðurkort af Íslandi, kortblað 236 Tungufljót (1:40.000). Vettvangsvinna fór fram 1962 til 1973 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1977b).
2002	Sérkort vegna virkjanarannsókna. Skaftártunga (1:50.000) og Ljótastaðaheiði (1:25.000). Vettvangsvinna fór fram árið 2000 (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2002).
2011	Sérkort vegna virkjanarannsókna. Hólmsárvirkjun (1:25.000) og Hólmsárvirkjun-Atleyjarlón (1:10.000). Vettvangsvinna fór fram 2010 (Rannveig Thoroddsen o.fl. 2011).
2012	Sérkort vegna virkjanarannsókna. Hólmsárvirkjun (1:25.000) og Atleyjarlón (1:10.000). Vettvangsvinna fór fram 2011 (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2012).


Kort útgefin 2011 og 2012



Kort útgefin 2002



Kort útgefin 1977 og vettvangsgreining frá 1964



I. mynd. Yfirlit yfir eldri gróðurkortagögn og útgefin gróðurkort innan kortlagða svæðisins (495 km²).

Gróðurkortlagning á vettvangi fer þannig fram að gengið er um landið og mörk gróðurfélaga og annarra landgerða eru færð inn á vettvangstölvu og/eða útprentuð myndkort. Hver fláki er flokkaður með sjónmati í gróðurfélög og landgerðir samkvæmt hefðbundnum gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar Íslands. Gróðurlykillinn byggir á gróðurflokkun Steindórs Steindórs-sonar (1981) og er gróður flokkaður eftir ríkjandi og einkennandi tegundum. Í gróðurlyklinum eru þær tegundir sem hafa mesta þekju kallaðar ríkjandi og einkennandi kallast tegundir sem einkenna tiltekið gróðurfélag óháð þekju. Heiti gróðurfélaga er táknað með lyklum samsettum úr einum stórum bókstaf og einum eða tveimur tölustöfum, t.d. táknar H1 gróðurfélagið *grös* og T5 gróðurfélagið *grös-starir*. Gróðurþekja er einnig metin innan fláka. Algróið land er með >90% gróðurþekju og allt land með >10% gróðurþekju telst gróið. Tákn fyrir skerta gróðurþekju eru rituð aftan við viðkomandi gróðurfélag. Þannig táknar x að meðaltali 75% gróðurþekju, z 50% og þ 25% gróðurþekju. Sem dæmi táknar H1x því gróðurfélagið *grös* með að meðaltali 75% gróðurþekju. Þar sem gróðurþekja er <10% telst land lítt eða ógróið og er þá flokkað eftir landgerðum eða öðrum þáttum en ríkjandi gróðri. Í þeim tilvikum sem tvö eða fleiri gróðurfélög koma fyrir í sama fláka er fyrst talið upp það gróðurfélag sem er ríkjandi.

Gróður- og landgreining á vettvangi var unnin á myndkort frá Loftmyndum ehf. sem gerð voru eftir myndum sem teknar voru úr 8000 m og 3500 m hæð árin 1999, 2002 og 2007. Á vettvangi var bæði notuð vettvangstölva með rauntíma GPS-staðsetningu og útprentanir loftmynda í mælikvarða 1:15.000. Einnig voru notuð innrauð Spot 5 gervitunglagögn frá 2003 við kortlagningu á vettvangi og úrvinnslu gróðurkorta þar sem minnsta myndeining er 10×10 m.

Gróðurkort var unnið í landupplýsingakerfi. Reiknað var út flatarmál einstakra gróðurfélaga og landgerða. Í þeim tilvikum sem fleiri en eitt gróðurfélag er innan fláka er flatarmáli skipt jafnt á milli gróðurfélaganna. Meðfylgjandi gróðurkort er í mælikvarða 1:25.000. Það sýnir gróðurfélög og landgerðir á landsvæði sem er alls 495 km² að flatarmáli og er grunnur að lýsingu á gróðurfari og vistgerðum á svæðinu.

3.2 Vistgerðir

Vistgerðir á rannsóknarsvæðinu voru flokkaðar út frá fyrirliggjandi gróðurkortum samkvæmt aðferðafræði sem þróuð hefur verið á Náttúrufræðistofnun Íslands (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2009). Vistgerð er í meginráttum skilgreind út frá gróðri en með vistgerð er átt við land með svipuðu gróðurfari og dýralífi. Innan sömu vistgerðar eru aðrar aðstæður áþekkar svo sem berggrunnur, jarðvegur og loftslag. Alls hefur 24 vistgerðum verið lýst á miðhálandinu og þeim skipt í fimm meginflokka svokölluð vistlendi sem eru eyðilendi, moslendi, mólendi, rýrt votlendi og ríkt votlendi. Á Náttúrufræðistofnun hefur verið ákvarðað hvaða gróðurfélög og landgerðir falla undir þær vistgerðir sem skilgreindar hafa verið á miðhálandinu (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2009). Auk þess hefur verndargildi vist- og landgerða á hálandinu verið metið út frá fimmtán viðmiðum. Sex ráðast af afstöðu eða áhrifum manna og níu eru óháð afstöðu manna, sem dæmi má nefna fegurð, fræðslu, tegundaauðgi, grósku og uppruna. Í niðurstöðukaflanum eru vistgerðir rannsóknarsvæðisins flokkaðar út frá verndargildi sem skilgreint var á miðhálandinu (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2009). Verndargildi var að lokum flokkað í fjóra flokka; lágt verndargildi, miðlungs verndargildi, hátt verndargildi og mjög hátt verndargildi.

Vistgerðakort var unnið í landupplýsingakerfi. Reiknaðar voru út stærðir einstakra vist- og landgerða á heildarsvæði kortlagningar, rannsóknarsvæðinu svo og í lónstæðum. Vistgerðakort var unnið í mælikvarða 1:50.000.

3.3 Háplöntur, mosar og fléttur


Tegundir háplantna og fléttna voru skráðar 10.-13. júlí 2012 á 21 stöð innan rannsóknarsvæðisins (2. mynd, 2. tafla). Tegundir voru m.a. skráðar við stíflur, við stöðvarhús, í lónstæði og við Skaftá. Jafnframt var leitast við að skrá í öllum vistlendum og fá fram sem mestan fjölbreytileika í gróðri innan rannsóknarsvæðisins. Áhersla var lögð á skráningu tegunda í lónstæðinu á Þorvaldsaurum. Innan hvernar stöðvar var gróðurfar einsleitt og endurspeglaði í flestum tilfellum eitt gróðurfélag. Stærð hvernar stöðvar var um 100-300 m². Auk þessa voru dregnar saman upplýsingar innan rannsóknarsvæðisins um tegundir háplantna og fléttna sem skráðar hafa verið í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Upplýsingar um mosategundir á rannsóknarsvæðinu eru sóttar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar eð enginn sérfræðingur fæst lengur við greiningu mosa hér á landi og vandkvæðum er bundið að fá sýni greind erlendis. Í grunni Náttúrufræðistofnunar er landinu skipt í 10×10 km reiti en einnig er í honum að finna upplýsingar um einstakar skráningar. Einungis voru teknar saman skráningar á mosum sem féllu innan rannsóknarsvæðisins. Sama vinnulag var haft við í sambandi við háplöntur og fléttur sem bættust við skráningar frá árinu 2012.

Tegundir voru flokkaðar eftir algengni og verndargildi. Algengniflokkarnir eru tíu og byggja á útbreiðslu tegunda á landinu og hversu algengar þær eru (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001). Ennfremur hafa verið settar fram skilgreiningar á tíu matsflokkum (1–10) til að meta verndargildi

2. tafla. Lýsing á stöðvum þar sem háplöntur og fléttur voru skráðar sumarið 2012.

Stöð	Lýsing
1	Á hrauni skammt frá veitumannvirkjum nyrst á svæðinu. Mosi með grösum og smárunnum.
2	Á hrauni skammt frá veitumannvirkjum nyrst á svæðinu. Mosi með litla þekju háplantna.
3	Innan lónstæðis. Mosi er ráðandi ásamt stinnastör.
4	Innan lónstæðis. Vikur sem er að gróa upp.
5	Innan lónstæðis. Tegundir skráðar í gili þar sem deiglendisgróður er í gilbotninum en þurrara er ofar dregur.
6	Innan lónstæðis. Lítt gróinn melur með mosakollum.
7	Innan lónstæðis. Í gilskorningi þar sem er graslendi og að hluta deigur mosi með mýrastör.
8	Innan lónstæðis. Þurrar brekkur í gilskorningi með blómlendi og lyngi.
9	Innan lónstæðis. Mosi með stinnastör og smárunnum.
10	Innan lónstæðis. Mosi með stinnastör og smárunnum.
11	Innan lónstæðis. Grónar áreyrar þar sem mosi er í sverði og hrossanál áberandi.
12	Innan lónstæðis. Lítt grónir malarhjallar.
13	Innan lónstæðis. Bakkar við ofanvert Tungufljót.
14	Bakkar Skaftár. Svæðið næst ánni er lítt gróið og þar flæðir áin yfir. Fjær ánni eru grónir blettir og greinileg merki um fok á árseti. Melgresi er á svæðinu.
15	Mosavaxið hraun vestan Skaftár.
16	Lækjarbakki við Syðri-Ófæru.
17	Stöðvarhús. Mosi með störum og grösum.
18	Stíflustæði í Rásgljúfri. Bakkar glúfursins að austan. Mosi með stinnastör og smárunnum.
19	Haugsvæði við Skaftá. Lágir ásar og hólar sem liggja upp frá bökkum Skaftár.
20	Bakkar Skaftár. Víðiflesjur og sandleirur þar sem áin flæðir yfir.
21	Veitulón neðan Hólaskjóls. Grösugir bakkar Syðri-Ófæru.



2. mynd. Háplöntur og fléttur voru skráðar á 21 stöð innan rannsóknarsvæðisins árið 2012. Miðlunarlón er á Þorvaldsaurum og tvö veitulón nyrst á svæðinu.

þar sem sjaldgæfar tegundir fá hátt gildi en algengar tegundir lágt (Hörður Kristinnsson o.fl. 2007). Tegundaheiti háplantna eru samkvæmt Herði Kristinssyni (2008), mosaheiti fylgja Bergþóri Jóhannssyni (2003) og fléttuheiti eru samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar.


3.4 Fuglar

Þann 23. júní 2012 fór fjögurra manna hópur á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknarsvæðið og kannaði fuglalíf. Tveir menn töldu fugla á samtals 32 punktum sem lagðir voru á snið í fyrirhuguðu lónstæði á Þorvaldsaurum og aðrir tveir fóru með vesturbökkum Skaftár frá Hólaskjóli suður undir fyrirhugað stöðvarhús og skráðu fuglalíf (3. mynd). Ráðgert hafði verið að kanna varpdreifingu heiðagæsar með Skaftá og í nærliggjandi gljúfrum, s.s. meðfram Gæsá og ofanvert Tungufljót, þar sem þeirra hafði orðið vart á varptíma 2001 (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2002). Það var því miður orðið of seint við undirritun verksamnings í júní en slíkar athuganir þurfa að fara fram fyrir klak.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur mælt þéttleika algengra mófugla með stöðluðum aðferðum síðan 1999. Í fyrstu var talið á sniðum sem gengin voru og allir fuglar sem sáust voru skráðir, fjarlægð þeirra frá sniðlínu metin og staðsetning teiknuð inn á kort jafnóðum. Jafnframt var atferli lýst og athugandi lagði mat á hvort um varpfugl eða gest á svæðinu var að ræða. Þessari aðferð var beitt víða á hálandi landsins í tengslum við vinnu við Rammaáætlun og flokkun lands í vistgerðir, m.a. í úttekt á afréttum Skaftártungu og Síðumanna árið 2001 (Guðmundur Guðjónsson o.fl. 2001, Sigurður H. Magnússon o.fl. 2002) og um leið á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Búlandsvirkjunar. Árið 2005 hóf Náttúrufræðistofnun notkun punktmælinga í sama tilgangi. Punktur voru lagðir út á fyrirfram ákveðin snið með 300 metra millibili. Á 5 mínútum á hverjum punkti skráir athugandi alla fugla og atferli þeirra með sama hætti og á sniðtalingum. Úr báðum aðferðum

má reikna þéttleika fugla, sem er samanburðarhæfur ef sýni er nægilega stórt.

Við punktmælingar á rannsóknarsvæðinu árið 2012 gengu tveir athugendur samstíða með um 500 m millibili og með hjálp GPS tækis voru mælipunktur teknir á 300 metra fresti, alls 32 (3. mynd). Á hverjum punkti voru fuglar taldir í fimm mínútur. Allir fuglar og atferli þeirra var skráð og fjarlægð til þeirra metin og teiknuð á kort. Við úrvinnslu var þeim fuglum sem sýndu varpatferli skipt í sjö fjarlægðabil; 0-19 m, 20-39 m, 40-79 m, 80-119 m, 120-159 m, 160-199 m og 200 m eða fjær. Fuglar sem ekki sýndu varpatferli, t.d. flugu hjá eða voru við fæðuleit, voru skráðir en sleppt í þéttleikamati. Við útreikninga á þéttleika varpfugla var beitt svo kallaðri Distance-aðferð fyrir punktmælingar (Buckland o.fl. 1993), notaður „half-normal“ sýnileikastuðull og reiknað með 80 metra breiðu innra belti. Athugunarstaðir meðfram Skaftá frá Hólaskjóli til suðurs gefa til kynna hvar fuglar sáuust.



3. mynd. Yfirlit yfir skráningu fugla á rannsóknarsvæðinu árið 2001 og 2012.

4 NIÐURSTÖÐUR

4.1 Gróðurfélög

Hér verður lýst helstu dráttum á rannsóknarsvæðinu og í fyrirhuguðum lónstæðum út frá gróðurþekju og gróðurfélögum (3.-4. tafla, 1. viðauki). Auk þess verður til samanburðar fjallað um niðurstöður á heildarsvæði kortlagningar.

4.1.1 Rannsóknarsvæði

Svæðið í heild er vel gróið og er 84% þess með yfir 10% gróðurþekju og einungis 8% er lítt eða ógróið. Rétt tæpur helmingur rannsóknarsvæðisins er algróinn (gróðurþekja >90%) og um fjórðungur með 75% gróðurþekju. Lítt eða ógróið land er aðallega *blautar áreyrar* (le), *melar* (me) og *hraun* (hr). Blautar áreyrar og ógrónir hraunhólmar eru nær eingöngu í farvegi Skaftár.

3. tafla. Flatarmál (km²) og hlutfall (%) gróðurþekjuflokka á heildarsvæði kortlagningar, innan rannsóknarsvæðis, miðlunarlóns og veitulóna.

Gróðurþekja	Heildarsvæði		Rannsóknarsvæði		Miðlunarlón		Veitulón 1		Veitulón 2	
	km ²	%	km ²	%	km ²	%	km ²	%	km ²	%
<10% (lítt eða ógróið)	45,46	9	7,02	8	0,85	9	0,04	13	0,12	30
25% (þ)	12,76	3	2,86	3	0,43	5	<0,01	1	<0,01	<1
50% (z)	42,86	9	5,39	7	1,00	11	0,02	7	0,02	5
75% (x)	126,23	26	21,08	26	2,48	27	0,04	13	0,09	22
>90% (algróið)	252,82	51	39,96	48	4,13	46	0,06	18	0,01	3
Vatn	14,49	3	6,42	8	0,20	2	0,16	48	0,15	39
Alls	494,61	100	82,72	100	9,08	100	0,33	100	0,39	100

4. tafla. Flatarmál (km²) helstu gróðurfélaga og landgerða, hlutfall þeirra (%) af heildarsvæði kortlagningar, innan rannsóknarsvæðis, miðlunarlóns og veitulóna.

Gróðurfélag	Heildarsvæði		Rannsóknarsvæði		Miðlunarlón		Veitulón 1		Veitulón 2	
	km ²	%	km ²	%	km ²	%	km ²	%	km ²	%
A1 Mosi	45,65	9	4,58	6			0,01	2	0,08	20
A2 Mosi með stinnastör	59,95	12	14,31	17	4,02	44	<0,01	1	0,01	3
A3 Mosi með stinnastör og smárunnum	66,53	13	11,88	14	0,77	8	0,01	2		
A4 Mosi með smárunnum	29,85	6	4,21	5	0,02	<1			<0,01	1
A5 Mosi með grösom	10,99	2	1,86	2	0,49	5			<0,01	<1
A8 Mosi með grösom og smárunnum	18,73	4	5,10	6	0,18	2	0,01	3	0,01	4
A9 Hélumosi	9,32	2	1,27	2	0,91	10				
D3 Loðvíðir – grávíðir/fjallavíðir	10,65	2	4,90	6			0,01	4	0,04	6
G1 Stinnastör	25,27	5	1,42	2	0,04	<1			<0,01	<1
G2 Stinnastör – smárunnar	12,13	2	2,02	2	0,17	2	0,01	2		
H1 Grös	29,73	6	3,57	4	1,04	12	0,02	5	<0,01	<1
H3 Grös með smárunnum	18,16	4	4,93	6	0,16	2	0,04	13		
R2 Tún í góðri rækt	9,40	2	0,29	<1						
T2 Hrossanál – starir – grös	12,57	3	1,97	2	0,03	<1				
T5 Grös – starir	1,49	<1	0,08	<1			0,02	5		
U1 Mýrastör/stinnastör – hengistör	8,75	2	0,51	1						
U5 Mýrastör/stinnastör	8,46	2	0,34	<1						
Landgerð										
sa Sandar	0,65	<1	0,01	<1			0,01	2		
me Melar	26,17	5	1,75	2	0,65	7	<0,01	<1		
hr Hraun	2,46	<1	1,36	2			<0,01	<1	<0,01	<1
ey Þurrar áreyrar	1,16	<1	0,38	<1	0,12	1	0,01	5	<0,01	1
le Blautar áreyrar	5,48	1	2,26	3			0,02	6	0,11	29
av Vatn	14,49	3	6,42	8	0,20	2	0,16	48	0,15	39
Heildarflatarmál svæða	494,61		82,72		9,08		0,33		0,39	

Mosagróður er að finna á öllu rannsóknarsvæðinu en tiltölulega minna er af honum í grónum hólum og eyjum í Skaftá en annars staðar vegna aurburðar í ánni. Gróðurfélögin *mosi með stinnastör* (A2) og *mosi með stinnastör og smárunnum* (A3) hafa mestu útbreiðslu á svæðinu og samanlagt ná þau yfir 31% flatarmálsins (4. mynd). Hélumosi (A9) kemur fyrir en hefur tiltölulega litla útbreiðslu (2%). Hélumosagróður er aðallega að finna á Skeiðistanga milli ána í fyrirhuguðu lónstæði á Þorvaldsaurum en hann myndar einungis þunnt skæni við svörðinn og vex helst þar sem snjóþyngsli eru mikil fram eftir vori. Önnur mosagróðurfélög sem koma fyrir eru mest með 6% af heildarflatarmáli rannsóknarsvæðisins.

Gróðurfélög þar sem grös eru ríkjandi er helst að finna í hliðum og á flötum böllum á suðurhluta svæðisins. Einnig má finna þau í vel grónum hólum í Skaftá, yfirleitt á hrauni og oft í blönduðum gróðurfélögum með smárunnum. Gróðurfélögin *grös með smárunnum* (H3) og *grös* (H1) eru samtals á 10% svæðisins. Gróðurfélagið *loðvíðir-grávíðir/fjallavíðir* (D3) nær yfir 6% svæðisins og er mest á sendnum og leirbornum eyrum í Skaftá og neðarlega í hliðum austan ár (5. mynd). Gróðurfélög þar sem stinnastör er ríkjandi (G1 og G2) er að finna beggja vegna árinna.

Gróðurfélög í votlendi eru nokkur en með litla útbreiðslu á rannsóknarsvæðinu. *Hrossanál með störum og grösum* (T2), sem vex helst í sendnum jarðvegi, er ríkjandi á Kálfasléttum og Núpsheiði. Önnur gróðurfélög votlendis koma fyrir í litlum mæli.

4.1.2 Lónstæði

Lónstæði fyrirhugaðs miðlunarlóns á Þorvaldsaurum er í heild vel gróið og er 89% af flatarmáli



4. mynd. Á Kálfasléttum mynda gróðurfélögin A3 (mosi með stinnastör og smárunnum) og deiglendisgróðurfélagið T2 (hrossanál–starir–grös) mósaík. Ljósmynd. Rannveig Thoroddsen, 8. ágúst 2012.



5. mynd. Í forgrunni er gróðurfélagið loðvíðir-gráviðir/fjallaviðir (D3), flokkast sem víðimóavist, innan rannsóknarsvæðisins. Hér má sjá einn af fossum Skaftár ofan við Skaftárdal en ofan hans eru mosa og grasi vaxnir hraunhólmar. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 8. ágúst 2012.

Þess með meira en 10% gróðurþekju. Tæpur helmingur (46%) lónstæðisins er algróinn (gróðurþekja >90%), liðlega fjórðungur (27%) með 75% gróðurþekju og 11% er hálfgróið land. *Melar* (me) hafa mesta útbreiðslu lítt og ógróins lands (7%). *Mosi með stinnastör* (A2) er langútbreiddasta gróðurfélagið (44%) ásamt gróðurfélögnum *grös* (H1) (12%) og *hélumosi* (A9) (10%).

Nokkur munur er á gróðurþekju í veitulónunum tveimur. Í lónstæði veitulóns 1 er landið nokkuð vel gróið (39%) en lónið mun liggja skammt sunnan við Hólaskjól (6. mynd). Tæplega fimmtungur (18%) lónstæðisins er algróinn (gróðurþekja >90%), 13% með 75% gróðurþekju og 7% er hálfgróið land. Landgerðin *blautar áreyrar* (le) nær yfir 6% í veitulóni 1. Gróðurfélögin *grös* (H1) og *grös með smárunnum* (H3) eru hvað mest ríkjandi en einnig er nokkuð af gróðurfélaginu *loðvíðir-gráviðir/fjallaviðir* (D3). Tæplega þriðjungur flatarmáls (30%) lónstæðisins í veitulóni 2, er liggur að hluta í árfarvegi Skaftár, er gróið land. Einungis 3% lónstæðisins eru algróin (gróðurþekja >90%), tæplega fjórðungur (22%) með 75% gróðurþekju og 5% er hálfgróið land. Landgerðin *blautar áreyrar* (le) er 29% af flatarmáli veitulóns 2. *Mosi* (A1) hefur langmesta útbreiðslu (20%) en einnig finnast gróðurfélögin *mosi með smárunnum* og *grösum* (A8) og *loðvíðir-gráviðir/fjallaviðir* (D3) á 4% og 6% af flatarmáli lónsins.

4.1.3 Heildarsvæði kortlagningar

Til samanburðar við rannsóknarsvæði og lónstæði er hér lýst stuttlega gróðurfari á heildarsvæðinu sem nær yfir 495 km². Svæðið er í heild vel gróið og er land með yfir 10% gróðurþekju 88% af flatarmáli þess. Helmingur alls kortlagða svæðisins er algróinn (gróðurþekja >90%), fjórðungur með 75% gróðurþekju og 9% hálfgróinn. Líkt og á rannsóknarsvæðinu eru það



6. mynd. Séð yfir hluta svæðisins sem veitulón 1 mun taka yfir. Í baksýn sést hálandismiðstöðin Hólaskjól. Ljós. Starri Heiðmarsson, 13. júlí 2012.

gróðurfélögin *mosi með stinnastör* (A2) og *mosi með stinnastör og smárunnum* (A3) sem hafa mesta útbreiðslu, hlutfall þeirra er 12% og 13%. Gróðurfélagið *mosi* (A1) kemur næst að flatarmáli með 9%. Gróðurfélögin *grös* (H1) og *grös með smárunnum* (H3) eru samtals 10% af flatarmáli svæðisins. Gróðurfélög þar sem stinnastör er ríkjandi (G1 og G2) ná yfir 7% af flatarmáli svæðisins en þessi gróðurfélög finnast í röku þurrlandi og eru ríkjandi í fjalllendinu austan við rannsóknarsvæðið. Gróðurfélögin *hrossanál-starir-grös* (T2), *mýrastör/stinnastör-hengistör* (U1) og *mýrastör/stinnastör* (U5) eru öll með 2-3% af flatarmáli heildarsvæðisins.

4.2 Vistgerðir

4.2.1 Rannsóknarsvæði

Þegar litið er til skiptingar rannsóknarsvæðisins (82,7 km²) í vistlendi flokkast 62% sem mólendi, 12% sem moslendi og 11% sem eyðilendi (5. tafla). Landið er þurrland og er votlendi einungis 6% flatarmálsins og ár og vötn 8%. Skráðar voru 26 vistgerðir og landgerðir.

Mosamóavist er langmest að umfangi en hún þekur 35 km² sem er um 42% svæðisins (7. mynd). Starmóavist er nokkuð útbreidd og þekur 13 km² eða 16% svæðisins (8. mynd). Vistgerðirnar tvær er að finna eftir endilöngu svæðinu. Eyrarvist (3%) og melavistir (5%) eru mest áberandi meðfram Skaftá. Norðarlega á svæðinu og austan Skaftár flokkast 5 km² (6%) sem breiskjuhraunavist. Þrátt fyrir að votlendi sé af skornum skammti á svæðinu voru greindar sex vistgerðir innan þess. Þar af voru stærstar móarekjuvist (2%) og rekjuvist (1%). Annað og óflokkað land sem ekki var unnt að setja í neinn sérstakan vistgerðarflokk var 1,1 km² og var þar mest um að ræða tún og skógrækt. Ræktaða landið á rannsóknarsvæðinu er fyrst og fremst skógrækt í landi Skaftárdals og tún í landi Skaftárdals og Búlands auk þess sem land hefur verið grætt upp með grösom við veginn upp af Búlandi.

5. tafla. Flatarmál (km²) vist- og landgerða á heildarsvæði kortlagningar, innan rannsóknarsvæðis, miðlunarlóns og veitulóna.

Vistlendi Land- og vistgerðir	Heildarsvæði		Rannsóknarsvæði		Miðlunarlón		Veitulón 1		Veitulón 2	
	km ²	%	km ²	%	km ²	%	km ²	%	km ²	%
Jökklar og vatn	14,45	3	6,42	8	0,20	2	0,16	48	0,15	39
Ár og vötn	14,45	3	6,42	8	0,20	2	0,16	48	0,15	39
Eyðilendi	51,71	10	9,27	11	1,12	12	0,05	14	0,12	30
Eyrvist	5,98	1	2,15	3	0,12	1	0,03	11	0,12	30
Skriður/Klettur*	0,06	<1	0,04	<1						
Eyðihraunavist	3,50	1	1,85	2			<0,01	<1	<0,01	<1
Melavistir	34,31	7	3,76	5	0,92	10	<0,01	1		
Sandvikravist	2,75	1	0,22	<1	0,05	1	0,01	2		
Melhólar*	0,62	<1	0,47	1						
Moldir*	4,42	1	0,78	1	0,03	<1				
Flög*	0,07	<1								
Moslendi	99,78	20	10,06	12	1,54	17	0,01	2	0,08	20
Melagambravist	45,86	9	3,51	4	0,51	6	<0,01	<1	<0,01	<1
Breiskjuhraunavist	40,75	8	4,92	6			0,01	2	0,07	19
Héluosavist	12,29	2	1,48	2	1,03					
Gambrahraun*	0,88	<1	0,15	<1					<0,01	1
Mólendi	263,31	53	51,08	62	6,20	68	0,11	35	0,04	11
Víðimóavist	7,03	1	2,64	3			0,02	7	0,02	5
Gilja- og lyngmóavist	5,26	1	0,37	<1		<1	<0,01	<1		
Starmóavist	93,48	19	13,33	16	1,26	14	0,07	22		
Fléttumóavist	0,88	<1								
Mosamóavist	156,15	32	34,72	42	4,94	54	0,02	6	0,02	6
Víðikjarrvist	0,51	<1	0,02	<1					<0,01	<1
Rýrt votlendi	30,94	6	3,55	4	0,03	<1	<0,01	<1		
Lindir og dý*	0,01	<1								
Rekjuvist	8,90	2	1,01	1	0,03	<1				
Móarekjuvist	11,97	2	1,86	2						
Lágstarflóavist	9,96	2	0,66	1						
Sandmýravist	0,10	<1	0,01	<1			<0,01	<1		
Ríkt votlendi	12,33	2	1,25	2						
Hástarflóavist	2,68	1	0,71	1						
Starungsmýravist	9,65	2	0,53	1						
Annað og óflokkað	22,10	4	1,10	1						
Tún	10,06	2	0,42	1						
Garðlönd	0,07	<1								
Birkikjarr	7,54	2	0,13	<1						
Skógrækt	1,72	<1	0,47	1						
Byggð	0,09	<1	<0,01	<1						
Reski/Námur	0,03	<1								
Uppgræðsla	0,93	<1	0,07	<1						
Lúpína	1,34	<1								
Óflokkað	0,33	<1	<0,01	<1						
Alls	494,61	100	82,72	100	9,08	100	0,33	100	0,39	100

*Vísivistgerð: Flokkur lands sem líklegt er að verði skilgreindur sem vistgerð þegar meiri upplýsingar liggja fyrir.



7. mynd. Séð yfir fyrirhugað miðlunarlón á Þorvaldsaurum. Rásgljúfur sést vinstra megin á myndinni þar sem fyrirhuguð stífla verður. Mosamóavist er í forgrunni og er einkennandi á rannsóknarsvæðinu og í miðlunarlóninu. Ljós. Starri Heiðmarsson, 12. júlí 2012.



8. mynd. Séð yfir starmóavist sem er útbreidd á svæðinu. Leiðólfsfell er í bakgrunni. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, 9. ágúst 2012.



9. mynd. Þar sem Skaftá breiðir úr sér við Búland neðan Skaftárdals eru vel grónir hólmar sem flokkast sem mólendisvistir. Hér er gert ráð fyrir veitumannvirkjum. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 12. júlí 2012.

Þar sem Skaftá breiðir úr sér sunnan Skaftárdals og móts við Búland eru hólmar í ánni vel grónir mólendisvistum (9. mynd). Á þessu svæði er gert ráð fyrir að vatn komi út úr göngum frá miðlunarlóninu og verða reist veitumannvirki sem beina vatninu í réttan farveg.

4.2.2 Lónstæði

Í miðlunarlóninu á Þorvaldsaurum er hlutfall vistlenda og vistgerða nokkuð svipað og á rannsóknarsvæðinu (5. tafla). Mosamóavist einkennir fyrirhugað lónstæði en hún er þar tæpir 5 km² eða 54% af flatarmáli. Starmóavist (14%) er einkum að finna í brekkunum upp af Þorvaldsaurunum. Eyðilendi er um 1 km² eða 12% af fyrirhuguðu miðlunarlóni og þar eru melavistir mest ríkjandi og finnast meðal annars á malarhjöllum um miðbik lónsins. Lítið sem ekkert votlendi var greint innan lónstæðisins en rekjuvist fannst í litlum mæli (<1%).

Þegar veitulónin tvö, sem bæði eru ríflega 0,3 km², eru borin saman kemur fram að í veitulóni 1 flokkast 48% flatarmálsins sem ár og vötn og 39% í veitulóni 2. Hlutfall eyðilendis er nokkuð hærra í veitulóni 2, sem liggur að hluta í árfarvegi Skaftár, eða 30% samanborið við 14% í veitulóni 1 sem er skammt sunnan við Hólaskjól. Í báðum tilvikum er það eyravist sem er ríkjandi innan eyðilendisins, 30% í veitulóni 2 samanborið við 11% í veitulóni 1. Innan veitulóns 2 nær moslendi yfir 20% af stærð lónstæðisins og er breiskjuhraunavist (19%) ríkjandi. Mólendi er 11% af lónstæðinu og eru mosamóavist (6%) og víðimóavist (5%) mest áberandi (5. mynd). Mólendi er hins vegar ríkjandi í veitulóni 1 og er 35% af heildarflatarmál þess, þar sem starmóavist er mest einkennandi (22%) en einnig er nokkuð af víðimóavist (7%) og mosamóavist (6%).

4.2.3 Heildarsvæði kortlagningar

Á heildarsvæðinu (495 km²) sem kortlagt var er mólendi á um 53% svæðisins, moslendi á 20% og eyðilendi á 10% (5. tafla). Ár og vötn eru 3% af svæðinu. Líkt og er innan rannsóknarsvæðisins

6. tafla. Verndargildi vist- og landgerða á hálendi Íslands metið út frá fimmtán viðmiðum (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2009).

Vistlendi		Vistlendi	
Vist- og landgerðir	Verndargildi	Vist- og landgerðir	Verndargildi
Eyðilendi		Mólendi	
Eyravist	Lágt	Víðimóavist	Fremur hátt
Skriður/Klettur*		Gilja- og lyngmóavist	Mjög hátt
Eyðihraunavist	Lágt	Starmóavist	Fremur hátt
Melavist	Fremur hátt	Fléttumóavist	Fremur hátt
Sandvikravist	Miðlungi hátt	Mosamóavist	Miðlungi hátt
Melhólar*	Lágt	Víðikjarrvist	Mjög hátt
Moldir*	Lágt	Rýrt votlendi	
Flög*		Lindir og dý*	
Moslendi		Rekjuvist	Miðlungi hátt
Melagambrovist	Lágt	Móarekjuvist	Miðlungi hátt
Breiskjuhraunavist	Mjög hátt	Lágstarflóavist	Mjög hátt
Hélumosavist	Miðlungi hátt	Sandmýravist	Lágt
Gambrahraun*		Ríkt votlendi	
		Hástarflóavist	Mjög hátt
		Starungsmýravist	Miðlungi hátt

* Vísivistgerð: Flokkur lands sem líklegt er að verði skilgreindur sem vistgerð þegar meiri upplýsingar liggja fyrir.

eru mosamóavist (32%) og starmóavist (19%) ríkjandi en einnig eru melagambrovist (9%) og breiskjuhraunavist (8%) allstórar. Rýrt votlendi er 6% og ríkt votlendi 2% af flatarmáli kortlagða svæðisins og dreifist hlutfallið nokkuð jafnt á milli sjö vistgerða innan vistlendanna tveggja. Melavist (7%) er mest áberandi innan eyðilendis sem er 10% svæðisins.

4.2.4 Verndargildi

Fimm þeirra vistgerða sem greindar voru innan rannsóknarsvæðisins voru metnar með hátt verndargildi á miðhálendi landsins, þ.e. breiskjuhraunavist, gilja- og lyngmóavist, víðikjarrvist, lágstarflóavist og hástarflóavist (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2009). Af þeim er breiskjuhraunavist langmest að umfangi en hún þekur 5 km² eða 6% svæðisins (5.-6. tafla). Lágstarflóavist og hástarflóavist eru að finna á 1% svæðisins en gilja- og lyngmóavist og víðikjarrvist er innan við 1%.

4.3 Háplöntur

Á rannsóknarsvæðinu voru alls skráðar 114 tegundir háplantna á 21 stöð sumarið 2012 og eru þar með taldar ættkvíslir undanfífla og túnfífla (2. viðauki). Auk þeirra bættust við tíu tegundir utan stöðva eða sem voru skráðar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir fyrri ferðir um svæðið. Þegar litið er til algengnimats og verndargildis flokkast tegundirnar nokkuð svipað. Langflestar tegundirnar finnast víða og í miklum mæli og þær eru allar með verndargildi á bilinu 1-3. Engar sjaldgæfar eða friðaðar tegundir voru skráðar.

7. tafla. Háplöntutegundir sem fundust á meira en helmingi stöðva innan lónstæðis á Þorvaldsaurum. Einnig er sýnt algengnimat og verndargildi þeirra.

Tegund	Algengnimat	Verndargildi	Fjöldi stöðva
Hvítmaðra	■■■□□□	1	11
Klóelfting	■■■□□□	1	11
Túnvingull	■■■□□□	1	11
Blóðberg	■■■□□□	1	10
Lambagras	■■■□□□	1	10
Vallhæra	■■■□□□	1	10
Axhæra	■■■□□□	1	9
Blávingull	■■■□□□	1	8
Kornsúra	■■■□□□	1	8
Krækilyng	■■■□□□	1	8
Móasef	■■■□□□	1	8
Músareyra	■■■□□□	1	8
Stinnastör	■■■□□□	1	8
Beitieski	■■■□□□	1	7
Brjóstagras	■■■□□□	1	7
Ljónslappi	■■■□□□	1	7
Skriðlíngrasi	■■■□□□	1	7
Túnfíflar	■■■□□□		7
Týtulíngrasi	■■■□□□	1	7
Bugðupuntur	■■■□□□	1	6
Geldingahnappur	■■■□□□	1	6
Grasvíðir	■■■□□□	1	6
Loðvíðir	■■■□□□	1	6
Mosajafni	■■■□□□	1	6
Tungljurt	■■■□□□	1	6
Vallelfting	■■■□□□	1	6

Sérstök áhersla var lögð á skráningu plantna innan fyrirhugaðs lónstæðis á Þorvaldsaurum þar sem skráðar voru 90 tegundir á 11 stöðvum (stöð 3-13). Þar af voru 26 tegundir sem fundust á meira en helmingi stöðvanna (7. tafla). Um er að ræða tegundir sem eru algengar á landinu og margar dafna í lítt frjóu landi svo sem þar sem malarjarðvegur er undir eða í þurru moslendi og mólendi. Þar sem landið liggur einna lægst á grónum áreyrum innan lónstæðisins er landið fremur deigt, mosar voru áberandi í sverði og þar voru háplöntutegundirnar hrossanál og stinnastör einna mest áberandi ásamt týtulíngrasi og hvítmöðru. Mosi er víða ríkjandi í sverði innan lónstæðisins en þar var þekja háplantna misjöfn og oftar en ekki blettótt. Þar komu sterkastar inn háplöntutegundirnar stinnastör og krækilyng ásamt túnvingli og bláberjalyngi (10. mynd). Á lítt grónu landi þar sem vikur eða melur er ríkjandi var gróður strjáll og uxu á stangli tegundir eins og túnvingull, lambagras, geldingahnappur, blóðberg, klóelfting og blásveifgras. Í graslendi voru grösín túnvingull, hálíngrasi og skriðlíngrasi einna

mest áberandi. Þar sem rakara var í giljum og á lækjarbökkum döfnuðu mýrastör, lækjagrýta, lindadúnurt, lækjafraehyrna, hrafnafla og hrossanál. Mosi var oft áberandi í sverði í blómlendi í þurrum og sólríkum brekkum. Með honum uxu blómjurtir sem dafna vel í skjóli á móti sólu og má þar nefna ljónslappa, blóðberg, fjallasmára, maríustakk og gullmuru (11. mynd).

Þar sem veitumannvirki eru fyrirhuguð þvert yfir Rótarhólma við Skaftá, skammt norðaustan við Hólaskjól, er mosi ríkjandi á hrauni (stöð 1 og 2). Háplöntutegundirnar sem voru hvað mest áberandi voru víðitegundir en einnig uxu túnvingull, blóðberg og krækilyng þar sem undirlagið var þéttara. Skráningar meðfram Skaftá sýndu að þar sem áin flæðir um og skilur eftir sig set dafna fáar tegundir (stöð 14). Þegar fjær dregur ánni er meiri stöðugleiki í yfirborðinu og tegundir eins og klóelfting, melgresi, skriðlíngrasi, túnvingull og víðitegundir ná rótfestu. Þegar komið var inn á hraun þar sem áin hefur ekki eins mikil áhrif vaxa í hraunbollum tegundir eins og brennisóley, klukkublóm, friggjargras, smjörgras og grámulla (stöð 15).

Uppi á gilbrúnum við fyrirhugað stíflustæði í Rásgljúfri er mosi ríkjandi með stinnastör og krækilyngi (12.-13. mynd). Í brekkum gilsins er hins vegar gróskumeiri gróður með tegundum eins og eyrarós, ætihvönn, maríustakk, ásamt víðitegundum.



10. mynd. Hér sér yfir hraungambrabreiðu þar sem einnig vex krækiberjalýng, stinnastör, hvítmaðra og grasvíðir. Í baksýn eru malarhjallar sem fara munu undir miðlunarlón. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 15. júlí 2012.



11. mynd. Í sólríkum brekkum skapast víða aðstæður fyrir blómlendi þar sem ljónslappi og blóðberg dafna vel og einnig finnast þar fjallasmári, mariústakkur og gullmura. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 10. júlí 2012.



12. mynd. Horft til suðurs frá fyrirhuguðu stíflustæði í Rásgljúfri. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 12. júlí 2012.



13. mynd. Horft til norðurs frá fyrirhuguðu stíflustæði í Rásgljúfri yfir Þorvaldsaura. Ljós. Starri Heiðmarsson, 12. júlí 2012.

4.4 Mosar

Alls hafa verið skráðar 85 tegundir mosa á rannsóknarsvæðinu og eru skráningarnar frá árinu 1979 og 2001 (3. viðauki). Í langflestum tilfellum er um að ræða tegundir sem eru algengar á landinu og engin þeirra er á valista. Þrjár tegundir finnast nokkuð víða á landinu samkvæmt algengnisflokkun en eru þá í litlum mæli, það eru fjallalápur, stafðoppa og lauganistill.

4.5 Fléttur

Á rannsóknarsvæðinu öllu voru skráðar alls 62 tegundir fléttna á 20 stöðvum en á einni stöð, stöð 7, fundust engar fléttur (4. viðauki). Auk þeirra bættust við 35 tegundir sem voru skráðar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands úr fyrri ferðum um svæðið. Rannsóknarsvæðið var tiltölulega fábreytt hvað varðar fléttufungu sem skýrist einkum af búsvæðunum sem voru til staðar. Fléttur eru oftast fábreyttar í votlendi, graslendi og á melum nema þar sem stór björg og grettistök auka fjölbreytnina en því var ekki að heilsa hér. Nokkrar tegundir fundust á flestum stöðvunum; engjaskóf (12 stöðvar), fjallagrös (10 stöðvar), grábreyskja (8 stöðvar), ryðkarta og vikurbreyskja (6 stöðvar). Þær eru allar algengar um allt land og vaxa í fleiri búsvæðum. Flestar fléttutegundir fundust á stöð 13 eða 17 tegundir, 15 tegundir á stöð 17 og 13 tegundir á stöð 18. Á nokkrum stöðvum fannst einungis ein fléttutegund eða engin en það á við um stöðvar 7, 11, 14, 16 og 20. Búsvæði á þeim stöðvum eru breytileg en eiga það sameiginlegt að þau eru frekar sendin, oft rök og ekki mikið um steina sem flétturnar geta vaxið á.

Innan lónstæðisins, á stöðvum 3-13, var fléttufungan fábreytt, mest tegundafjölbreytni var á stöð 9 en þar fundust níu fléttutegundir. Engar sjaldgæfar tegundir fundust á stöðvum innan lónstæðisins en tvær tegundir fléttuháðra sveppa sem fundust þar, *Corticifraga peltigeræ* og *Opegrapha stereocaulicola*, sem hafa náttúruverndargildið 6.

Ein lítt þekkt tegund fannst líklega á svæðinu en þörf er á nákvæmari rannsókn áður en hægt er að fullyrða að um *Dactylospora diminuta* sé að ræða. Sýnið sem líklega er af *D. diminuta* fannst á stöð 13 innan lónstæðis á Þorvaldsaurum og óx á fléttunni vætutörgu.

4.6 Fuglar

Alls varð 22 tegunda fugla vart þann 23. júní 2012 við könnun á fuglalífi á rannsóknarsvæði Búlandsvirkjunar. Voru 13 tegundir fugla skráðar við punktmælingu og sýndu átta þeirra varpatferli (8. tafla). Níu tegunda til viðbótar varð vart í grennd við Skaftá.

Sá kafli Skaftár sem verður fyrir áhrifum vegna vatnsmiðlunar til Búlandsvirkjunar, frá Hólaskjóli suður undir Innri-Hrafn, var genginn og fuglalíf skráð. Alls voru 196 fuglar af 19 tegundum skráðir í 92 athugunum. Þær tegundir sem sáust þar og komu ekki fram í punktatalningum á Þorvaldsaurum voru einkum andfuglar, s.s. álft, grágæs, skúfönd og stökkönd. Aðrar tegundir sem bættust við voru rjúpa, stelkur, tjaldur, maríuerla og steindepill. Nokkrir fuglar sem sáust voru ýmist með hreiður eða unga. Einnig sáust smærri hópar nokkurra tegunda við ána, t.d. álft, grágæs, lóupræll og sílamáfur.

8. tafla. Varplegir fuglar skráðir á 32 punktum á Þorvaldsaurum 23. júní 2012. Talningareining eru óðul og breytir þá engu hvort annar eða báðir einstaklingar hvers pars sáust. Sýndur er fjöldi óðala alls, fjöldi óðala á innra belti (0-79 m) og reiknaður þéttleiki (pör/km²). Í tveimur tilfellum er ekki hægt að reikna þéttleika þar sem aðeins sáust fuglar á einu óðali í hvoru tilfelli (+).

Tegund	Óðul	Þar af innan 80 m	Þéttleiki (pör/km ²)
Heiðlóa	41	22	49,0
Hrossagaukur	1	1	+
Lóuþræll	9	6	15,4
Sandlóa	2	1	2,2
Sendlingur	1	1	+
Spói	50	4	6,5
Kjói	5	1	1,7
Þúfuttlingur	2	1	2,2
Alls	111	37	70,0

Aðrir fuglar varplegir: sílamáfur 1, heiðagæs 1, hrafn 1+2.
 Utan punkta: snjóttlingur 1, straumönd 2 steggir.

5 UMRÆÐA

5.1 Gróðurfélög og vistgerðir

Rannsóknarsvæðið var afmarkað út frá Skaftá, fyrirhuguðum lónstæðum og öðrum mannvirkjum. Áin, ásamt hólum og síbreytilegum leirum, mótar aðstæður og þar með lífríkið á svæðinu. Jökulhlaup koma í Skaftá nær árlega og valda því að hún flæðir yfir bakka sína og ber með sér fíngert set sem kaffærir gróður. Af þeim sökum er gróðurfur í og við síbreytilegan farveg árinna mjög óstöðugt. Einnig fýkur mikill leir yfir gróður í nágrenni árinna og hefur þannig óbein áhrif á annan gróður á rannsóknarsvæðinu. Þar sem leirinn er mestur kaffærir hann gróður en víðast hvar má reikna með að hann auki grósku og vöxt margra tegunda vegna steinefna sem honum fylgir.

Rannsóknarsvæðið er vel gróið og tiltölulega þurrlegt. Land innan þess var greint í 26 vistgerðir og landgerðir og er fjölbreytileiki landsins nokkur. Hins vegar eru fáar vistgerðir sem eru ríkjandi og þar ber hæst mosamóavist og starmóavist og eru þessar vistgerðir megin vistgerðirnar hvort sem litið er til heildarsvæði kortlagningar eða rannsóknarsvæðisins (5. tafla). Mestur hluti moslendis á svæðinu er mosagróður, þ.e. mosþemba að mestu vaxin gamburmosa. Niðurstöður rannsókna á mun stærra svæði á afréttum Skaftártungu og Síðumanna, frá efstu byggðum í Skaftártungu og að upptökum Skaftár, sýndu að tæplega helmingur þess lands var lítt gróinn en af grónum vistgerðum var mosamóavist einna mest útbreidd (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2002). Engin gróðurfélög sem teljast fágæt á lands- eða héraðsvísu voru kortlögð á svæðinu.

Vegna fyrirhugaðar virkjunar fara ríflega 10 km² lands undir vatn vegna miðlunar- og veitulóna (5. tafla). Þar munu tapast vel gróin heiðalönd sem nýtast til beitar. Munar þar mestu um mólendi sem er tæpir 7 km² og moslendi sem er tæpir 2 km². Votlendi sem fara mun undir vatn er 0,04 km². Af vistgerðum sem metnar eru með hátt verndargildi munu 0,08 km² af breiskjuhraunavist hverfa undir vatn og innan við 0,01 km² af gilja- og lyngmóavist og víðikjarrvist.



14. mynd. Hástaraflóavist í Selfellsmýrum sem eru í fjallendinu austur af Skaftárdal. Gróskulegar starir, tjarnastör og gulstör eru einkennistegundir vistgerðarinnar. Ljós. Hafdís Sturlaugsdóttir, 8. ágúst 2012.

Þegar svæðið sem kortlagt var í heild er borið saman við rannsóknarsvæðið kemur fram að hið fyrrnefnda er um sex sinnum stærra en hlutfall gróðurfélaga og vistgerða er í flestum tilfellum svipað (4.-5. tafla). Gróðurþekja er einnig sambærileg (3. tafla). Það sem skilur helst á milli er að hlutfall moslendis er ívið hærra á heildarsvæðinu (20%) en rannsóknarsvæðinu (12%). Þessu er öfugt farið með hlutfall mólendis sem er lægra á heildarsvæðinu (53%) samanborið við rannsóknarsvæðið (62%). Hlutfall votlendis er aðeins hærra á heildarsvæðinu en á rannsóknarsvæðinu og munar þar mest um stóra mýrarfláka og flóa í Selfellsmýrum og Selmýrum og víðar í fjallendinu austan við rannsóknarsvæðið (14. mynd). Hélumosagróður er mun algengari eftir því sem ofar dregur og að sama skapi er ræktað land nær eingöngu bundið við láglendi. Hlutfall einstakra gróðurfélaga lyngmóans, B3 (*krækilyng-víðir*) og B4 (*beitilyng-krækilyng-bláberjalyng*), eykst einnig þegar komið er niður á láglendið. Rannsóknarsvæðið er að stórum hluta afmarkað af Skaftá og þar af leiðandi er hlutfall áa og vatns og eyravistar hærra á rannsóknarsvæðinu samanborið við heildarkortlagða svæðið. Melavistir eru aftur á móti aðeins algengari á heildarkortlagða svæðinu.

Vert er að minnast á breiskjuhraunavist sem er metin með hátt verndargildi og er skráð á rannsóknarsvæðinu á 5 km² (5.-6. tafla). Þessi vistgerð hefur fundist á stórum svæðum við Lakagíga í Skaftáreldarhrauni en er annars talin sjaldgæf á landsvísu. Gróður einkennist af breiskjufléttum, gamburmosa og örfáum háplöntum, einkum grasvíði. Þar finnast einnig lotsveifgras, kornsúra og snæsteinbrjótur (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2002). Breiskjuhraunavist hefur aðallega verið rannsökuð í Skaftáreldarhrauni og því vantar upplýsingar af öðrum svæðum til samanburðar. Við gróðurkortlagningu er land flokkað eftir ríkjandi tegundum. Innan sama gróðurfélags getur gróður því verið talsvert breytilegur. Við flokkun lands í vistgerðir er einstökum gróðurfélögum á gróðurkortum varpað yfir í vistgerðir. Því fylgir ákveðin óvissa. Til dæmis er líklegt að

mosagróður á hrauni hafi í sumum tilvikum verið ranglega flokkaður sem breiskjuhraunavist. Á rannsóknarsvæði Búlandsvirkjunar má því gera ráð fyrir að hlutfall breiskjuhraunavistar á heildarkortlagða svæðinu (8%) og innan rannsóknarsvæðisins (6%) sé í raun hverfandi lítið miðað við það sem kemur fram á vistgerðarkorti og í töflum.

5.2 Háplöntur, mosar og fléttur

